

Erindisbréf fyrir atvinnumálanefnd

1. gr.

Almennt um atvinnumálanefnd

Undir yfirstjórn bæjarstjórnar fer atvinnumálanefnd með atvinnumál eftir því sem nánar er ákveðið í lögum og í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Skipan nefndar og kjörtímabil.

Atvinnumálanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og bæjarstjórnar. Nefndin skal halda gjörðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til staðfestingar.

3. gr.

Fundahöld.

Um starfshætti fastanefnda Hveragerðisbæjar er fjallað um í VI. kafla Samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á.

Atvinnumálanefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en sex sinnum á ári. Bæjarstjóri skal boða fundi í nefndinni í samráði við formann hennar. Fundarboð skal vera skriflegt eða rafrænt og fundi skal boða með að lágmarki tveggja sólarhringa fyrirvara. Heimilt er að boða aðra fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Nefndin skal skrá móttækin erindi og afgreiðslu þeirra.

4. gr.

Hlutverk atvinnumálanefndar.

Meginhlutverk atvinnumálanefndar er að móta stefnu í atvinnumálum sveitarfélagsins og fylgja henni eftir, með það fyrir augum að efla atvinnulíf innan sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni atvinnumálanefndar.

Verkefni atvinnumálanefndar eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í atvinnumálum,
- að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- að afla tiltækra upplýsinga, m.a. í samstarfi við aðrar nefndir, um þau atriði sem mestu máli skipta varðandi atvinnuaðstæður og byggðapróun,
- að efla atvinnutækifæri í sveitarfélaginu með því að starfa að sameiginlegum hagsmunamálum atvinnulífsins í heild,
- að standa fyrir almennum fundum og annarri kynningu um atvinnumál,
- að fylgjast með atvinnuhorfum og vinna ásamt bæjarstjórn gegn almennu atvinnuleysi og bjargarskortu, að vera bakhjarl íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu og til aðstoðar við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu,
- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur henni.

6. gr.

Fundargerðir og ákvarðanir.

Bæjarstjóri situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi nefndarinnar og sér um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað, og sendir afrit fundargerða til bæjarstjórnar. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir nefndarinnar eftir að bæjarstjórn staðfestir þær.

7. gr.

Ályktanir og fjárveiting.

Ályktanir atvinnumálanefndar sem hafa önnur fjárútlát í för með sér en tilgreind eru í fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

8. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðslunefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og boða staðgengil sinn.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðabærir fundarmenn ekki bundnir öðru en sannfæringu sinni, lögum og Samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar í atvinnumálanefnd eru bundnir þagnarskyldu skv. 28. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og sbr. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla megi að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

9. gr.

Upplýsingaskylda, fjárreiður og aðrar samþykktir.

Atvinnumálanefnd skal upplýst um framkvæmd þeirra liða fjárhagsáætlunar sem undir verksvið nefndarinnar falla.

Forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri þeirra stofnana sem heyra undir nefndina og starfsfólk bæjarskrifstofu annast fjárreiður og reikningshald.

Atvinnumálanefnd skal að öðru leyti starfa á grundvelli sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar.

10. gr.

Önnur ákvæði og meðferð mála.

Séu ákvæði í lögum, samþykktum bæjarins eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nefndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

Nefndin skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga við meðferð mála þegar það á við.

Hveragerði 10. nóvember 2022

Geir Sveinsson, bæjarstjóri

